



SAMÞYKKT

fyrir kjarasamninganefnd Akureyrar

Um verkefni kjarasamninganefndar

1. gr.

Það er stefna bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga samningsumboð í sem flestum kjarasamningum. Kjarasamninganefnd Akureyrar, ásamt ~~sviðstjóra stjórnislyslusviðsstarfsmannastjóra~~, er eftir þörfum bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga af hálfu Akureyrarbæjar við gerð kjarasamninga. Önnur verkefni kjarasamninganefndar eru þessi:

- Kjarasamninganefnd skipar fulltrúa Akureyrarbæjar í stjórnir, nefndir og vinnuhópa sem fjalla um kjaramál starfsmanna, t.d. í stjórn Vísindasjóðs Kjalar vegna tónlistarkennara, ~~í endurmatsteymi vegna starfsmats og í matshóp vegna TV-eininga.~~
- Kjarasamninganefnd setur reglur um úthlutun TV-eininga vegna verkefna og hæfni og vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna og annast úthlutun eininganna.
- ~~Kjarasamninganefnd annast stofnanasamninga við stéttarfélög vegna starfsmanna bæjarins sem taka laun samkvæmt kjarasamningum við ríkið.~~
- Kjarasamninganefnd þróar verklagsreglur um yfirvinnu, fylgist með framkvæmd þeirra og sker úr ágreiningsmálum um þær.
- Kjarasamninganefnd hefur eftirlit með reglum um kjör ~~sviðsstjóraembættismanna~~ og tekur ásamt bæjarstjóra ákvörðun um kjör þeirra.
- Kjarasamninganefnd fylgist með framkvæmd kjarasamninga og gerir bæjarráði aðvart ef frávik verða frá stefnu bæjarstjórnar.
- Kjarasamninganefnd er ~~sviðsstjóra stjórnislyslusviðsstarfsmannastjóra~~ til ráðuneytis um meðferð kjaramála sem hann hefur fullnaðarumboð til að leysa sbr. 12. grein.

Um skipan kjarasamninganefndar

2. gr.

Bæjarráð skal sem fyrst að afloknum bæjarstjórnarkosningum tilnefna þrjá fulltrúa í kjarasamninganefnd til fjögurra ára og þrjá til vara. Bæjarráð tilnefnir formann og varaformann og skal formaður vera aðalfulltrúi í bæjarstjórn og eiga sæti í bæjarráði. Bæjarráð ber ábyrgð á störfum kjarasamninganefndar.

3. gr. ~~ein~~

Formaður kjarasamninganefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

4. gr.

Kjarasamninganefnd heldur fundi þegar formanni þykir þurfa eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

5. gr.

~~Starfsmannastjóri~~~~Sviðsstjóri~~ stjórnsýslusviðs situr að jafnaði fundi kjarasamninganefndar og annast ritun fundargerða. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Um fundarsköp kjarasamninganefndar

6. gr.

Um fundarsköp á fundum kjarasamninganefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í kjarasamninganefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, ef meirihluti viðstaddra nefndarmanna samþykkir það. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir kjarasamninganefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur kjarasamninganefndarmanna er á fundi. Kjarasamninganefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða kjarasamninganefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarráðs ef einn eða fleiri nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

7. gr.

~~Starfsmannaþjónusta~~-Stjórnsýslusvið leggur kjarasamninganefnd til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða kjarasamninganefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar og verklagsreglur um fundarritun..

Ritari kjarasamninganefndar skal færa fundargerð í tölvu. Í tölvuskráða fundargerð skal færa

- a fundartíma og fundarstað,
- b nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e stutta lýsingu á hverju fundarefni,
- f bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- g í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp, prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar. Upplýsinga- og þjónustudeild Skrifstofa Ráðhúss sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar en starfsmannastjóri sviðsstjóri stjórnsýslusviðs tilkynnir aðilum mála, sem afgreidd eru í kjarasamninganefnd, um málalok.

Um hæfi og skyldur kjarasamninganefndarmanna og starfsmanns kjarasamninganefndar

8. gr.

Um hæfi kjarasamninganefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarskóp Akureyrarkaupstaðar.

Um hæfi starfsmanns kjarasamninganefndar gilda ákvæði 20. gGr. sSveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

9. gr.

Kjarasamninganefndarmönnum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé kjarasamninganefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns og boða varamann sinn á fund.

Kjarasamninganefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur kjarasamninganefndar

10. gr.

Við meðferð mála hjá kjarasamninganefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu kjarasamninganefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Kjarasamninganefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum kjarasamninganefndar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun kjarasamninganefndar skal tilkynnt aðila máls.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

11. gr.

Kjarasamninganefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarráðs mál á verksviði hennar ef

- a lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,

- b þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
- c þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Kjarasamninganefnd hefur fullnaðarumboð til að

~~a gera stofnanasamninga skv. 1. gr.~~

~~ab~~ úthluta TV-einingum vegna verkefna og hæfni.

~~be~~ úthluta TV-einingum vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna.

~~cd~~ ákvarða ásamt bæjarstjóra kjör sviðsstjóraembættismanna.

12. gr.

Sviðsstjóri stjórnslusviðs tarfsmannastjóri afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs eða kjarasamninganefndar

- a röðun starfsmanna í launaflokka og
- b túlkun kjarasamninga að öðru leyti

að því marki sem slíkt er ekki ákveðið í samráðsnefndum.

Ákvörðunum sviðstjóra stjórnslusviðsstarfsmannastjóra er hægt að vísa til samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Endurupptaka máls

13. gr.

Eftir að kjarasamninganefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Gildi samþykktarinnar

14. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar dd4. september 2018